

AUGLÝSING

um samning við Noreg um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.

Hinn 6. maí 1996 var með orðsendingaskiptum í Ósló gengið frá samningi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996. Samningnum var beitt til bráðabirgða frá sama degi. Með ályktun 3. júní 1996 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 7. júní 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.

a. Bréf sjávarútvegsráðherra Noregs til sjávarútvegsráðherra Íslands.

Oslo, 6. maí 1996

Fiskeriminister Thorsteinn Palsson

Ærede kollega,

I forbindelse med Protokoll inngått mellom Færøyene, Island, Norge og den Russiske Føderasjon om forvaltningen av Norsk vårgytende sild (Atlanto-skandisk sild) for 1996, er det inngått separate bilaterale avtaler om adgang til Partenes fiskerisoner.

Følgende arrangement mellom Norge og Island vil komme til anvendelse:

Innenfor rammen av Protokoll om forvaltningen av Norsk vårgytende sild (Atlanto-skandisk sild), gis islandske fartøyer adgang til å fiske inntil 190.000 tonn sild i Fiskerisonen rundt Jan Mayen i 1996.

Norske fartøyer gis adgang til å fiske inntil 127.000 tonn sild i Islands økonomiske sone i 1996.

Nærmere bestemmelser avtales om øvrige betingelser for utøvelse av fisket.

Jeg ville være takknemlig om De kunne bekrefte Deres samtykke til det ovenfor fremsatte arrangement.

På vegne av Norges regjering,

Jan Henry T. Olsen
Fiskeriminister

b. Svarbréf sjávarútvegsráðherra Íslands.

Ósló, 6. maí 1996

Hr. Jan Henry T. Olsen
sjávarútvegsráðherra

Heiðraði starfsbróðir,

Ég staðfesti að hafa mótttekið bréf yðar frá í dag þar sem segir:

„Í tengslum við samning sem gerður hefur verið milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1996 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Innan ramma samningsins um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 190 þúsund lestin í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen á árinu 1996.

Norskum skipum er heimilt að veiða allt að 127 þúsund lestin af síld í íslenskri efnahagslögsögu árið 1996.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Ég væri þakklátur ef þér gætuð staðfest samþykki yðar við ofangreint.“

Ég staðfesti hér með að Ísland samþykkir það sem segir í bréfi yðar.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands,

Þorsteinn Pálsson
sjávarútvegsráðherra